GRINDAVÍKURBÆR

Varðar fyrirkomulag sauðfjárbeitar í Krýsuvík á árinu 2026

Samningur um gerð beitarhólfs, sem undirritaður var 26. október 2004 af fulltrúum Vegagerðinnar, Hafnarfjarðarbæjar, Grindavíkurbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps, er runninn úr gildi. Þetta hefur skapað ákveðna óvissu um stöðu sauðfjáreigenda á Suðurnesjum sem hafa nýtt beitarhólfið en síðastliðin sumur hafa um 300 - 400 veturfóðraðar ær verið í hólfinu auk lamba.

Sauðfjáreign í sveitarfélögunum fjórum á Suðurnesjum hefur farið minnkandi á undanförnum árum en beitarhólfið er engu að síður mikilvægt því öðru nýtilegu beitilandi er vart til að dreifa á Reykjanesi. Grindavíkurbær telur mikilvægt að vinna áfram á grundvelli markmiða samningsins frá 2004, þannig að lausaganga sauðfjár verði ekki viðhöfð að nýju. Fram hefur komið að Vegagerðin leggur mikla áherslu á að sauðfé sé haldið innan girðinga til að komast hjá slysum. Kostnaður vegna viðhalds og endurnýjun girðinga umhverfis beitarhólfið hefur alfarið verið greiddur af Vegagerðinni og sveitarfélögunum á Suðurnesjum án aðkomu Hafnarfjarðarbæjar.

Að áliti Grindavíkurbæjar er þörf á samtali milli sveitarfélaganna þriggja sem voru aðilar að samningnum um möguleg næstu skref í málinu. Aðkoma Vegagerðarinnar að því samtali er einnig mikilvæg. Þar til línur hafa skýrst um mögulegar breytingar á stærð og legu beitarhólfs væntir Grindavíkubær þess að Hafnarfjarðarbær fallist á að sauðfjárbeit verði á komandi sumri með sama hætti og verið hefur í beitarhólfinu, sbr. bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 4. mars 2026.

Framangreind álitaefni voru rædd á fundi fulltrúa Grindavíkurbæjar með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs sem fram fór þann 30. október 2026. Mikill skilningur kom fram á framangreindum sjónarmiðum á fyrrgreindum fundi með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar en óskað var eftir formlegu erindi frá Grindavíkurbæ um málið. Er þess hér með farið á leit að erindið verði tekið formlega fyrir og ákvörðun tekin um óbreytt fyrirkomulag sauðfjárbeitar á komandi sumri.

Virðingarfyllst,

F.h. Grindavíkurbæjar, 9. nóvember 2026

Bæjarstjórinn í Grindavík

Pétur G. Markan bæjarstjóri